

3. Að þetta kyrkjuþing heimili stjórnarnefndinni að færa sér í nyt það loforð sem fengist hefir frá A. U. A. um peningalán til bókaprentunar, með þeim skilmálum, sem um semst.

B. B. Olson lagði til A. E. Kristjánsson studdi að skýrslan væri samþykkt.

Þá var lagt til af A. E. Kristjánssyni og stutt af B. B. Olson að annar liður útbreiðslumálanefndarskýrslunnar væri tekinn af borði, og var það samþykkt. Eftir nokkrar umræður, sem þeir J. P. Sólmundsson og B. B. Olson tóku þátt í lagði A. E. Kristjánsson til að liðurinn væri feldur úr skýrslunni. Tillagan var studd af Níels Hallssyni og samþykkt. Að því búnu var skýrsla sambandsmálanefndarinnar samþykkt.

Þar næst lagði blað-nefndin fram svo hljóðandi skýrslu:— Nefndin leggur til að hið íslenska Únítarafélag í Vesturheimi viðurkenni mánaðarritið "Heimir" sem málagn sitt og styðji að eflingu þess og útbreiðslu eftir föngum. Ennfremur að útgáfa blaðsins til næsta þings sé fengin í hendur fimm manna nefnd, er samanstæði af ritstjóra, ráðsmanni og útsendingamanni, ásamt tveimur meðnefndarmönnum, sem geti tekið við verki hinna í forföllum.

J. B. Skaptason lagði til að nefndarálitid væri samþykkt, var það stutt af Jóh. Sigurðssyni og samþykkt.

Þessir voru þar næst kosnir í útgáfunefnd:

G. Árnason ritstjóri

S. B. Brynjólfsson ráðsmaður

H. Pétursson útsendingamaður

G. J. Goodman og Jóhann Sigurðsson

meðnefndarmenn

Ný mál. H. Pétursson vakti máls á því að nauðsynlegt væri að komast að ákveðinni niðurstöðu um samband kyrkjufélagsins við söfnuðina og starfssvið þess yfirleitt. Sömu leiðis mintist hann á fjármálin. J. B. Skaptason og R. Pétursson tóku einni ^{sz} til máls um sama efni. B. B. Olson lagði til að